

30. maí 2014

Útflutningur á íslensku svína-, kinda- og hrossakjöti til manneldis hefur verið heimilaður af yfirvöldum í Hong Kong að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum. Athugið sérstaklega skilyrði nr. **1, 6, 8 og 9** sem innflytjendur í Hong Kong þurfa að uppfylla.

1. Innflytjandi í Hong Kong þarf að hafa skriflega heimild fyrir innflutningnum frá Hong Kong Food and Environmental Hygiene Department.
2. Hverri sendingu skal fylgja heilbrigðisvottorð fyrir viðkomandi afurð, gefið út af Matvælastofnun (Mast).
3. Í vottorðum með hrossakjöti skal koma fram latneskt heiti hófdýrsins sem kjötið er af (á Íslandi er það ætíð *Equus caballus*).
4. Einungis má flytja til Hong Kong kælt/frosið svína-, kinda- og hrossakjöt sem unnið hefur verið í samþykktum starfsstöðvum.
5. Kæli-/frystikeðja viðkomandi afurðar skal vera órofin alla leið til Hong Kong. Kælt kjöt skal flutt við 0-4°C.
6. Ef sendingunni er umskipað (transshipment) í öðru landi á leið sinni frá Íslandi til Hong Kong, þurfa eftirtalin skilyrði að vera uppfyllt:
  - a. Sendingin skal fara í innsiglaðan kæli-/frystigám á Íslandi og skal kæli-/frystikeðja haldast órofin alla leið til Hong Kong
  - b. Innsigli snúmer gámsins við brottför skal skráð opinberlega og koma fram á opinberu heilbrigðisvottorði sendingarinnar
  - c. Skrifleg yfirlýsing skal gefin frá viðkomandi skipafélagi í umskipunarlandi sem staðfestir að innsigli kæli-/frystigáms sé heilt og við það hafi ekki verið átt á neinn hátt á meðan gámunir var í umskipunarlandi.
  - d. Skrár skulu haldnar yfir kæli-/frystikeðju afurðanna alla leiðina til Hong Kong. Þessar skráningar skulu sýndar eftirlitsmönnum Hong Kong, Food and Environmental Hygiene Department.
  - e. Skoðunarmaður (surveyor) í Hong Kong skal útbúa vottorð sem staðfesti að viðkomandi hafi skoðað gáminn og að innsigli hafi verið heilt og ósnert. Vottorðið skal afhent Hong Kong Food and Environmental Hygiene Department.
7. Við komuna til Hong Kong skal sendingin skoðast af eftirlitsfólki Hong Kong Food and Environmental Hygiene Department.
8. Innflutningsleyfi frá Food Importer/Distributor Registration and Importing Licence Office fyrir svína- og kindakjöt skal framvísað við skoðunina.
9. Við komuna til Hong Kong skal framvísað til Hong Kong Food and Environmental Hygiene Department lista yfir alla móttakendur viðkomandi sendingar, auk magns af kjöti sem hver og einn tekur við.

Fyrir sendingar sem fluttar eru á annan hátt en í innsigluðum kæli-/frystigámum gildir:

Dýraheilbrigðisyfirvöld í umskipunarlandi skulu gefa út vottorð (transshipment certificate) sem staðfestir að vörurnar hafi komið til hafnar á viðunandi hátt og að þær hafi ekki skemmt á nokkurn hátt í umskipunarlandinu. Þessu vottorði skal framvísa við komuna til Hong Kong.

Að auki verða **3 fyrstu sendingarnar af hverri kjötttegund** sem berast frá Íslandi settar í svokallaða „hold and test“ meðferð, þar sem rannsóknir verða gerðar á kjötinu og það ekki afgreitt til viðtakenda fyrr en fullnægjandi niðurstöður hafa fengist. Ef Hong Kong Food and Environmental Hygiene Department er sátt við niðurstöðurnar munu verða tekin sýni úr þremur næstu sendingum og þær afgreiddar til viðtakenda áður en niðurstöður hafa borist. Ef sendingarnar uppfylla kröfur og niðurstöður reynast fullnægjandi munu sýni ekki vera tekin nema sérstök ástæða þyki til eða sem hluti tilviljanakennds eftirlits yfirvalda í Hong Kong. Athugið að engar stærðartakmarkanir eru á sendingum. Flytja má út skrokka, hluta, kjöt og innfly.

Frekari upplýsingar eru veittar á inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar